

17. nóvember 2009

Sáttargerð vegna brots á 122. gr. laga nr. 108/2007 um verðbréfavíðskipti.

Þann 24. mars 2009 gerðu Fjármálaeftirlitið og Sparisjóður Mýrasýslu með sér eftirfarandi sátt vegna brots Sparisjóðs Mýrasýslu á 122. gr. laga nr. 108/2007 um verðbréfavíðskipti (vvl.).

Með sáttinni gekkst Sparisjóður Mýrasýslu, sem útgefandi skráðra fjármálagerna, við því að hafa brotið gegn 122. gr. vvl. með því að hafa ekki birt innherjaupplýsingar á réttan hátt á tilskildum tíma.

Í 122. gr. vvl. er kveðið á um skyldu útgefenda um að birta almenningi á Evrópska efnahagssvæðinu allar þær innherjaupplýsingar sem varða hann eins fljótt og auðið er og á jafnræðisgrundvelli.

Með vísan til framangreinds, atvika að öðru leyti, 142. gr. vvl. og reglna nr. 1245/2007 um heimild Fjármálaeftirlitsins til að ljúka máli með sátt, var það mat Fjármálaeftirlitsins að fjárhæð sáttarinnar væri hæfilega ákveðin kr. 700.000,-.